

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-148/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún segir vera á bensíntank bifreiðarinnar xx sem hún keypti af Eignarhaldsfélaginu Y ehf., 23. mars 2010. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi kosti skipti á bensíntanknum en að öðrum kosti verði kaupunum rift og kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 26. nóvember. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 16. desember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt því sem kemur fram kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni var hún framleidd árið 1999 og fyrsti skráningardagur hennar 5. mars sama ár. Á kaupdegi, 23. apríl hafði bifreiðinni verið ekið 97.000 km. Kaupverðið var kr. 550.000. Álitsbeiðandi segist haf keypt bifreiðina „undir því yfirskini“ að ekkert væri að henni fyrir utan bilaðan skynjara í bensíntank. Þá segir í álitsbeiðninni eftirfarandi:

„Seinna kemur í ljós að bíllinn hafði marga leynda galla þar á meðal gat á bensíntank. Stuttu eftir kaup varð bíllinn óökufær vegna þess að hann drap á sér reglulega á miðri keyrslu. Hann var sendur í viðgerð á okkar kostnað og 8 lítrar af drullu fundust í bensíntanknum og leiðslur í bensíntank voru ryðgaðar í gegn. Fyrstu vikuna eftir viðgerð gekk bíllinn ágætlega en stuttu seinna fór hann að hökta og drepa á sér. Við ráðfærðum okkur við Neytendastofu og þar af leiðandi sendum við bíllinn í skoðun og hringdum í fyrri eiganda sem bauðst til þess að gera við gallana en hann gerði við allt nema bensíntankinn sem er stærsti gallinn og dýrastur í lagfæringu. [...] Við hefðum ekki keypt bíllinn vitandi það að bensíntankurinn væri ónýtur. [...].“

IV

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðni fylgdi skýrsla um skoðun Frumherja á bifreiðinni sem fram fór 17. ágúst 2010 eða tæpum 4 mánuðum eftir að álitsbeiðandi keypti bíllinn. Athugasemdir eru gerðar við stillingu og lýsingu aðalljós, við þokuljós, lekamengun, samsláttarpúða, útílegu, ójafnan hemlakraft og hemlun stöðumælis. Engar athugasemdir eru gerðar við bensíntank.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Eignarhaldsfélagsins Y ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Byggja verður á því að Eignarhaldsfélagið Y ehf. hafi ekki atvinnu af því að selja bifreiðir og því falli ágreiningur aðila undir lög nr. 50/200 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni xx, dags. 23. apríl 2010, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Kærunefndin álítur að um kaupin gildi því 19.- 20. gr. laga nr. 50/2000, en í þeim lagagreinum segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni xx staðfestir álitsbeiðandi að bifreiðasali hafi vakið athygli hennar að þeim rétti að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins og eins er bent á skoðunarskyldu kaupanda.

Upplýst er að álitsbeiðandi fór ekki með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin en hún segir í álitsbeiðni að eftir kaupin hafi margir leyndir gallar komið í ljós. Hins vegar fór hún með bifreiðina í aukaskoðun 17. ágúst 2010, en þá hafði hún átt bifreiðina í nærri fjóra mánuði. Við þá skoðun kom ýmislegt í ljós sem þurfti að lagfæra en álitsbeiðni verður ekki skilin öðru vísi en svo að þær lagfæringar hafi seljandi annast á

sinn kostnað. Kærunefndin tekur enga afstöðu til þess hvort seljanda var skylt að kosta þessar viðgerðir eða ekki en aðilar hafa sýnilega náð samkomulagi um það.

Ágreiningur aðila stendur þannig um það hvor þeirra eigi að kosta skipti á bensíntank bifreiðarinnar, en álitsbeiðandi segir að fljótlega eftir kaupin hafi gangtruflanir komið fram í bifreiðinni og fundist hafi drulla í tanknum og leiðslur til hans hafi verið ryðgaðar í sundur.

Álitsbeiðni verður ekki skilin öðru vísi en svo að skoðun álitsbeiðanda á bifreiðinni fyrir kaupin hafi verið lausleg og líkur eru á að hún hafi tæpast verið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2000. Kærunefndin telur þó að nákvæmari skoðun hefði ólíklega leitt í ljós þá galla sem síðar komu fram á bensíntank og leiðslum til hans. Hins vegar verður að hafa í huga að bifreiðin var komin á tólfta ár og kaupverðið sýnist hafa verið í samræmi við það. Ekkert er komið fram um að seljandi hafi vitað um hvernig ástætt var með bensíntankinn. Kærunefndin telur hins vegar að telja megi að ástand bensíntanksins hafi að þessu leyti verið mun verra en álitsbeiðandi mátti ætla, sbr. ákvæði c-liðar 19. gr. laga nr. 50/2000 sem rakin er hér að framan.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.

Á aðalkröfu álitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla á bensíntanknum og leiðslu til hans. Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að þegar bifreiðin var keypt var hún komin á 12. aldursár og hafði verið ekið 97.000 km. eftir því sem fram kemur í kaupsamningi. Bifreiðin var því komin vel til ára sinna. Kærunefndin telur að í því tilviki sem hér um ræðir eigi álitsbeiðandi nokkurn rétt á skaðabótum úr hendi seljanda en ekki rétt til þess að hann leggi henni til nýjan tank í bifreiðina henni að kostnaðarlausu. Hins vegar álitur kærunefndin engar forsendur fyrir því að álitsbeiðandi geti rift kaupunum á bifreiðinni. Skaðabætur úr hendi seljanda verður að meta að álitum og við það mat hefur kærunefndin stuðst við upplýsingar sem hún hefur aflað sér um það hvað kosta muni að skipta um tank í bifreiðinni. Niðurstaða kærunefndarinnar er sú að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kr. 40.000 í skaðabætur.

VI

Álitsorð

Seljanda, Eignarhaldsfélaginu Y ehf., ber að greiða álitsbeiðanda, X, kr. 40.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir